

Viðburðir í tilefni dags íslenskrar tungu 2012

Dagskrá mennta- og menningarmálaráðherra á degi íslenskrar tungu

10:00 – 11:15	Laugardalshöll, Málræktarþing unga fólksins. Ráðherra hlýðir á niðurstöður grunnskólabarna frá þremur grunnskólum sem velt hafa fyrir sér íslenskri tungu, sérstaklega með tilliti til dægurlagatexta og tölvumála. Ráðherra tekur til máls undir lok málræktarþingsins og bregst við umræðum skólabarnanna.
11:30 – 12:30	Norðlingaskóli. Ráðherra heimsækir bekki þar sem einvörðungu er notast við spjaldtölvur við kennslu og nám.
12:30 – 13:00	Norðlingaskóli. Ráðherra opnar ljóðasmáforritið <i>Segulljóð</i> sem ætlað er fyrir spjaldtölvur.
14:00 – 16:00	Grunnskóli og leikskólar Grindavíkur heimsóttir í fylgd bæjaryfirvalda í Grindavík.
16:00 – 16:20	Kvikan - auðlinda- og menningarhús Grindavíkur. Saltfisksetrið skoðað í fylgd bæjarstjóra Grindavíkur.
16:30 – 17:00	Kvikan - auðlinda- og menningarhús Grindavíkur. Dagskrá á degi íslenskrar tungu. Ráðherra flytur ávarp, nemar lesa ljóð og syngja. Kaffi og bakkelsi.
18:00 – 19:00	Ráðherra afhendir Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og viðurkenningu í hátíðarsal í grunnskóla Álftaness.

Á degi íslenskrar tungu mun ráðherra einnig, eins og venja er, afhenda Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og verður sérstaklega tilkynnt um þau.

Stóra upplestrarkeppnin í grunnskólum

[Stóra upplestrarkeppnin](#) fer nú af stað í 17. sinn og hefst formlega á degi íslenskrar tungu; eldri börnin koma í bekki yngri barna og lesa upp sögur og ljóð; verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs lesa upp; ljóða- og smásagnasamkeppni; ljóð Jónasar Hallgrímssonar kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir.

Litla upplestrarkeppnin

- Í Hafnarfirði var farið af stað með Litlu upplestrarkeppnina í 4. bekk. Fleiri bæjarfélög taka nú þátt í keppninni, m.a. Grindavík, Vogar, Mosfellsbær og Akureyri.

Viltu tala íslensku við mig?

Íslenskuþorpið, leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku, er nýstárleg leið í tungumálanámi fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Þar gefst íslenskunemum tækifæri til að æfa og nota íslensku í daglegu lífi sínu. Íslenskuþorpið er að finna innan ákveðinna fyrirtækja á háskólasvæðinu og í bæjarlífinu í Reykjavík: á kaffihúsi, bókasafni, bakaríi og sundlaug. Íslenskuþorpið verður formlega opnað á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, kl. 11, á Háskólatorgi.

- [Nánar um íslenskuþorpið.](#)

Ókeypis á Gljúfrastein á degi íslenskrar tungu

Halldór Laxness lagði mikið upp úr orðum. Raunar má segja að hann hafi verið orðasafnari. Hann ferðaðist um landið og hitti fólk í þorpum, bæjum og torfkofum sem notaði jafnvel svo fágæt orð að þau voru að deyja út. Auður Jónsdóttir, barnabarn Halldórs, skrifar um afa sinn í bókinni „Skrýtnastur er maður sjálfur“ að í stað þess að segja: „konan hámaði í sig kökur,“ sagði hann: „Konan graðgaði í sig sætmetinu.“ Kvenveski kallaði hann ráptuðru og í stað þess að segja: „karlinn er slappur“ notaði hann frekar: „Það er lurða í karlinum.“

- http://www.gljufurasteinn.is/okeypis_a_gljufurastein_a_degi_islenskrar_tungu/

Málræktarþing í 10. bekk á degi íslenskrar tungu

Í tilefni af degi íslenskrar tungu gangast Íslensk málnefnd og Mjólkursamsalan fyrir málræktarþingi með nemendum í 10. bekk í Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Réttarholtsskóla. Undanfarnar vikur hafa nemendurnir rætt saman um gildi íslenskrar tungu frá ýmsum hliðum, svo sem um mikilvægi þess að hafa dægurlagatexta og nýjustu tölvur og tækni á íslensku, og á málræktarþinginu munu þeir bera saman bækur sínar um þessi efni. Ari Eldjárn og Páll Óskar Hjálmtýsson leggja þar orð í belg og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarpar samkomuna.

Hátíðardagskrá Mímis

Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, stendur fyrir hátíðardagskrá 16. nóvember í tilefni af degi íslenskrar tungu. Málþingið verður haldið í Árnagarði við Suðurgötu, í stofu 301 og hefst kl. 17. Dagskráin inniheldur fjölbreytt fræðileg erindi, fjallað verður um málvernd innan fjölmiðla frá degi til dags, nýyrðasmíð, tókusagnir, íslenska tungu á stafrænni öld og málnotkun í dægurlagatextum. Guðný Þorsteinsdóttir og Friðrik Magnússon, frumkvöðlar hjá sprotafyrirtækinu Ís-leikir ehf. munu kynna nýtt íslenskt smáforrit fyrir iPad sem kallast Segulljóð. Einar Kárason og Dagur Hjartarson munu lesa upp úr verkum sínum auk þess sem Svavar Knútur tekur lagið fyrir hátíðargesti. Boðið verður upp á léttar veitingar og eru allir velkomnir.

- [Nánar um dagskrána](#)

Jónasarvaka í Þjóðmenningarhúsinu

Árvið Jónasarvaka verður í Þjóðmenningarhúsinu á degi íslenskrar tungu og hefst kl. 17.15. Félagið Hraun í Öxnadal stendur að henni í samvinnu við Þjóðmenningarhúsið. Á vökunni er Jónasar Hallgrímssonar, skálds og vísindamanns, minnst á fjölbreyttan hátt.

Dagskrá.

- Markús Örn Antonsson, forstöðumaður Þjóðmenningarhússins, setur samkomuna.
- Dr. Guðrún Kvaran, stofustjóri orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, flytur erindið Málblíðar mæður, hnjúkafjöllin himinblá og tunglmyrkvar Júpíters.
- Björg Þórhallsdóttir sópran syngur lög við ljóð Jónasar við undirleik Hilmars Arnar Agnarssonar.
- Að einsöng loknum syngja allir saman Vísur Íslendinga.

Kynnir er Tryggvi Gíslason, formaður félagsins Hraun í Öxnadal. Allir eru velkomnir.

Lífið og landið

Ljóðaprenna með lifandi tónlist á degi íslenskrar tungu. Eyþór Árnason, Benedikt Jóhannsson og Þórður Helgason lesa úr ljóðum sínum á Súfistanum kl. 20.30. Katrín Magnúsdóttir syngur lög við texta Benedikts Jóhannssonar, Rúnar Steinn Benediktsson leikur undir á gítar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

- [Nánar um Lífið og landið](#)

Íslenskuverðlaun unga fólksins í Bókmenntaborginni Reykjavík

Íslenskuverðlaun unga fólksins í Bókmenntaborginni Reykjavík verða afhent á degi íslenskrar tungu í Norðurljósasalnum í Hörpunni klukkan fjögur. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti. Markmið íslenskuverðlaunanna er að auka áhuga grunnskólanema á móðurmálinu og hvetja þá til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs. Grunnskólanemar sem taka við verðlaunum hafa skarað fram úr á ýmsa vegu, í lestrarfærni, skapandi skrifum, ljóðsmíðum og framsögn. Nokkrir þeirra eiga annað móðurmál en íslensku en hafa sýnt miklar framfarir í íslenskunámi og tjáningu.

- [Nánar um verðlaunin](#)

Samkoma í Háskólanum á Akureyri - allir velkomnir

Barnabókasetur, rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna, og Háskólinn á Akureyri standa fyrir málþinginu YNDISLESTUR - aðlaðandi aðferðir til að auka áhuga barna á yndislestri. Málþingið verður föstudaginn 16. nóvember í Háskólanum á Akureyri á degi íslenskrar tungu og afmælisdegi hins ástsæla barnabókahöfundar Jóns Sveinssonar, Nonna. Málþingið fer fram í stofu M101 og hefst kl. 16.15.

- [Nánar um samkomuna](#)

Með íslenska tungu á vör - Maráponlestur í Ársafni

Maráponlestur í Ársafni verður með svipuðu sniði og undanfarin ár á degi íslenskrar tungu nema nú verður hann frá kl. 11-16. Ruggustóllinn verður á sínum stað og opinn hljóðnemi. Að venju þjóða starfsmenn í þjóðbúningum upp á grófa og fína ástarpunga (heilhveiti og hveiti). Ruggustóll, íslenski þjóðbúningurinn og ástarpungar - að ógleymdri íslenskri tungu. Allir eru velkomnir í Ársafn að láta ljós sitt skína.

- [Nánari upplýsingar](#)

Víst er málfræði skemmtileg!

Haldið verður málþing um málfræðikennslu í skólum fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15:00-17:30 í Bratta, húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands v/Stakkahlíð. Markmiðið með málþinginu er að efna til umræðu um kennsluáferðir og áherslur í málfræðikennslu þar sem sköpun er höfð að leiðarljósi.

Íslenska í tölvuheiminum

Fjallað er um íslensku í tölvuheiminum á málþingi sem Íslensk málnefnd efnir til undir merkjum dags íslenskrar tungu 2012. Málþingið verður í bókasal Þjóðmenningarhússins þriðjudaginn 13. nóvember kl. 15–16.15. Mennta- og menningarm álaráðherra flytur ávarp. Meðal dagskrárliða er að greint verður frá ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2012.

Þórarinn Eldjárn í Vík í Mýrdal

Víkurskóli í Vík í Mýrdal hefur á hverju ári sérstakt þema á degi íslenskrar tungu. Þetta árið er það Þórarinn Eldjárn. Bókin Karnival dýranna er sérstaklega í brennidepli og er unnið með hana í listasmiðju og í íslensku. Föstudaginn 16. nóvember verður Þórarinn sjálfur á staðnum. Hann les upp úr verkum sínum á kaffihúsakvöldi í Víkurskóla, kl. 19.30. Allir eru velkomnir.

Orðabelgur

Á næstu dögum gefa Ingibjörg Símonardóttir og Ingibjörg Möller út alíslenskt borðspil sem hlotið hefur heitið Orðabelgur. Spilið býður upp á heilabrot, vangaveltur, orðaleiki og gáska og þátttakendur leika sér með íslenskt mál á nýstárlegan hátt.

- [Nánar um orðabelg](#)

Segulljóð er spennandi smáforrit fyrir iPad

Segulljóð er nýtt smáforrit fyrir iPad. Forritið er hugsað til notkunar við ljóðasköpun og leik með tungumálið. Það hentar vel til að útbúa stutt og hnitmiðuð ljóð og örsögur. Einnig er það tilvalið í notkun sem kveikja að stærri verkum og sem stuðningur við skapandi nám og skrif. Segulljóð inniheldur þúsundir orða sem öll hafa allar mögulegar birtinga- og beygingarmyndir. Forritið verður á sérstöku kynningarverði á degi íslenskrar tungu og helgina þar á eftir. Verðið er um 253 íslenskar krónur + vsk (\$1,99 + vsk.).

- [Nánar um segulljóð](#)

Dæmi um hvernig dagsins er minnst í menntaskóla

Í Menntaskólanum við Sund verður gjafamarkaður með íslenskar bækur opinn á degi íslenskrar tungu. Gestir og gangandi verða hvattir til að lesa hátt eða í hljóði. Kennarar eru einnig hvattir til að láta nemendur lesa í einni kennslustund, 10.30-11.10, ýmist úr kennslubókum, íslenskum skáldverkum eða af miðlum. Þá munu íslenskukennarar prufukeyra lestrarboðhlaup í tímum.

Boðhlaupið fer þannig fram að fjórir nemendur í einum bekk heimsækja annan bekk og lesa fyrir nemendur. Að því loknu fara fjórir nemendur úr þeim bekk í þriðja bekkinn og lesa þar. Þeir síðastnefndu taka við keflinu og þannig mun lesturinn ganga koll af kalli, bekk úr bekk og enda í bekknum sem hóf lesturinn.

Dæmi um dagskrá í grunnskólum

Í Foldaskóla verður boðið upp á bókmenntadagskrá sem nefnist Skáld í skólum í sömu viku og dagur íslenskrar tungu er. Í 8. bekk verður fjallað um Stein Steinarr en í 9. og 10. bekk verður farið í gegnum dagskrá sem kallast Morð og stríð.

- [Nánari upplýsingar um Skáld í skólum.](#)

Dæmi um hvernig dagsins er minnst í leikskóla

Í leikskólanum Hlíðarenda er hefð fyrir því að halda dag íslenskrar tungu hátíðlegan. Starfsmenn hafa þann háttinn á að vekja sérstaka athygli á bókum allan nóvember. Börnin koma með bók að heiman sem er lesin í leikskólanum. Einnig er lögð áhersla á ákveðinn rithöfund. Börnin fá að kynna honum og verkum hans. Í ár er það Herdís Egilsdóttir og mun hún heimsækja Hlíðarenda á degi íslenskra tungu og lesa fyrir börnin. Áður hafa t.d. Guðrún Helgadóttir og Þórarinn Eldjárn heimsótt leikskólann á þessu degi.